

## FUNDARGERÐ

364. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 7. október 2015 kl. 9.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Erna Indriðadóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

### 1. **Kjaramálin staða**

Formaður fór yfir fundi með Bjarna Benediktssyni fjármála- og efnahagsráðherra og öðrum starfsmönnum ráðuneytisins.

Miklar umræður urðu um þessi mál. Áframhald verður á viðræðum við aðstoðarmenn ráðherra og vonast er til að eitthvað komi út út þeim viðræðum sem fleyti málinu áfram.

### 2. **Lagaleið í réttindamálum tillögur**

Formaður fór yfir umræðu frá fundi kjaranefndar í síðustu viku, þar sem inn komu lögmennt sem fóru yfir orðalag og túlkun ákveðinn lagagreina. Mál þessi snúa m.a. að skattlagningu á fjármagnstekjum, og um sviptingu fjárhagslegs sjálfstæðis meðan á dvöl á hjúkrunarheimil varir. Ákvörðun um hvað gert verði í kjölfarið er í höndum stjórnar FEB en ætti eðli málsins samkvæmt að vera á forræði LEB. Samþykkt að skoða þessi tvö mál betur þ.e. að nær allur lífeyrir frá TR skuli tekinn af eldri borgurum þegar farið er á hjúkrunarheimili og þeim sé aðeins leyft að halda eftir vasapeningum. Hitt málið, þ.e. skerðing lífeyris hjá TR vegna fjármagnstekna ætti að skoða betur og sjá hvort möguleiki sé að hnekkja með málaferlum. Skerðing lífeyris TR vegna greiðslna á lífeyri úr lífeyrissjóði hefur lengi sætt gagnrýni FEB og LEB og þarf að vinna að gagnasöfnun gífurlega vel – hugsanlega með Landssamtökum lífeyrissjóða. Í þessum málum þarf að fá baktryggingu LEB ef ekki verður um gjafsókn að ræða.

### 3. **Samtök aldraðra SA viðræður**

Skýrt frá fyrsta formlega viðræðufundi með fulltrúa SA um kosti og galla þess að félögin starfi saman eða verði hreinlega sameinuð. Hér kemur margt inn en áframhald verður á viðræðum aðila enda samlegðaráhrif mikil í því að veita félagsmönnum beggja félaganna enn betri þjónustu.

### 4. **Næstu skref með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar**

Haldinn verður sérstakur fundur stjórnar um málið í lok mánaðar.

### 5. **Starfsmannamál**

Mikið annríki er á skrifstofu flesta daga og þung félagsleg úrlausnarefni bíða flesta daga. Starfsfólki fækkaði á síðasta ári og starfshlutfall annarra minnkaði. Formaður bað stjórnarmennað íhuga að bæta við starfskrafti í hlutastarf. Málið verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundi.

### 6. **Önnur mál**

- Formaður skýrði frá heimsókn og kynningu fyrir frístundanema við HÍ.
- Framkvæmdastjóra var boðið á Jafnréttisdaga í HR þar sem hann var með kynningu á félaginu og viðveru á sýningarbas í kjölfarið.
- Kynnt var skýrsla Reykjavíkurborgar um endurhæfingu og hvað þarf til að geta verið lengur heima..

- Mikil ánægja með heimsókn stjórnar FEB á Hrafnistu. Mikill vilji er að viðhalda því góða sambandi sem er á milli aðila, þ.e. stjórnar FEB og Hrafnistu.
- Anna Þrúður ræddi um að ekki sé áhugi á þjónustuíbúðum aldraðra á vegum Reykjavíkurborgar, þ.e. heimili þeirra sem þurfa þennan „hlekk“ á milli heimaaðhlynningar og hjúkrunarheimilis.

Næsti fundur stjórnarinnar er á dagskrá þriðjudaginn 27. október. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.